

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

189. FUNDUR.

189. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 10. nóvember árið 2011 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.

Fundargerð 716. fundar frá 10. október s.l. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 717. fundar frá 17. október s.l. Fundargerð í 3 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 2. dagskrárlið. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að á árinu 2012 verði Samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra tekin til endurskoðunar.“ 2. dagskrárliður og framangreind tillaga borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 718. fundar frá 24. október s.l. Fundargerð í 8 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 5. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að verkefni fagnefndar með rekstri Skólabúðanna að Reykjum í Hrutafirði verði færð til fræðsluráðs, og nefndin þar með lögð niður. Gert verði ráð fyrir þeirri breytingu við endurskoðun á Samþykktum um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra.“ 5. liður ásamt framangreindri tillögu borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 719. fundar frá 31. október s.l. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 720. fundar frá 31. október s.l. Fundargerð í 5 liðum. Lögð fram eftirfarandi bókun vegna 1. dagskrárliðar „Sveitarstjórn Húnaþings vestra lýsir yfir þungum áhyggjum af boðuðum niðurskurði í frumvarpi til fjárlaga ársins 2012 til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands sem óhjákvæmilega mun bitna á rekstri stofnunarinnar í Húnaþingi vestra. Fyrir liggur að niðurskurður fjárveitinga til stofnunarinnar á Hvammstanga hefur verið umtalsverður á sl. árum og ljóst má vera að frekari niðurskurður mun einungis þýða fækkun starfa og skerðingu þjónustu.“ Fundargerðin ásamt ofangreindri bókun borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 721. fundar frá 3. nóvember s.l. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 722. fundar frá 7. nóvember s.l. Fundargerð í 5 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 3. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að tilnefna Stefán Böðvarsson sem fulltrúa sveitarfélagsins í samráðsvettvang á vegum Skipulagsstofnunar um

mótun Landsskipulagsstefnu 2012-2024. 3.dagskrárliður ásamt framangreindri tillögu borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi bókun við 4. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra lýsir yfir áhyggjum af framkvæmd dýralæknaþjónustu í Húnaþingi vestra þrátt fyrir tímabundinn samning sem gerður hefur verið. Sveitarstjórn leggur áherslu á að nauðsynlegt sé að dýralæknir hafi búsetu og starfi á svæðinu. Annað fyrirkomulag geti hæglega haft áhrif á heilsu og velferð búfjár“ 4. dagskrárliður ásamt framangreindri bókun borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 723. fundar frá 8. nóvember s.l. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerðir nefnda.

2. Fundargerðir félagsmálaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 119. fundar frá 12. október s.l. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 120. fundar frá 26. október s.l. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti

Fundargerð 125. fundar frá 2. nóvember s.l. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerðir menningar-og tómstundaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 100. fundar frá 17. október s.l. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 101. fundar frá 7. nóvember s.l. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Fundargerð Skipulags-og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 202. fundar frá 3. nóvember s.l. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Tillaga samstarfsnefndar um mögulega sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra.

Seinni umræða. Lögð fram eftirfarandi bókun „Tillaga samstarfsnefndar um mögulega sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra tekin til síðari umræðu. Fyrir liggur að almennar íbúakosningar fara fram í sveitarfélögunum þann 3. desember nk. Sveitarstjórn felur samstarfsnefnd að annast kynningu á tillögu nefndarinnar á íbúafundum á Borðeyri og Hvammstanga og undirbúning að kosningum.“

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 16:31

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Elín R. Líndal

Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari.